

Gleðilegt sumar kæru nemendur á námskeiðum Myndlistaskólans í Reykjavík

Á þessum síðustu tímum hefur reynst nauðsynlegt að vera stöðugt að meta stöðuna og endurskoða fyrri ákvarðanir. Þegar ljóst var með hvaða hætti létt yrði á samkomuhöftum eygðum við leið til að ná lengra með námskeiðin og eftir nokkra yfirlegu og samtöl við kennara er ætlunin að hefja kennslu strax eftir næstu helgi eða mánudaginn 4. maí. Vegna skilyrða um tveggja metra bil milli manna höfum við farið ítarlega yfir hópastærðir og stofunýtingu og í stað þess að tvískipta hópunum höfum við komið því þannig fyrir stærri hópar fá tvær kennslustofur til afnota. Örfáir kennarar eru komnir til annarra starfa en í þeirra stað fáum við aðra úr okkar góða kennarahópi til að kenna þessa síðustu tíma. Þar sem faraldurinn er ekki afstaðinn þótt hann sé í rénun er nauðsynlegt að nefna nokkur atriði.

Við biðjum ykkur um að virða persónulegt rými annarra á leið um ganga skólans og leggjum til að þið hefjið allar kennslustundir á handþvotti og sprittun. Til þess að lágmarka smithættu biðjum við ykkur að koma með eigin áhöld svo framarlega sem kostur er og kennarar munu deila út pappír, leir og öðru efni til lágmarka umgang um stofuna. Þau ykkar sem ekki komist hjá því að nota áhöld skólans verðið að þrifa þau vel og sótthreinsa að notkun lokinni. Við biðjum ykkur enn fremur um að leggja hreingerningafólki okkar lið með því að ganga sérstaklega vel um en þau munu hreinsa borð, stóla, vaska og aðra helstu snertifleti að tíma loknum. Eins biðjum við ykkur um að taka öll verkefni heim um leið og þið ljúkið þeim.

Ekki verður hægt að taka „aukatíma“ með öðrum hópum og ekki verður heldur hægt að fara í kaffi frammi í kaffistofu. Þið þurfið því að hafa í huga að vera vel nærð áður en þið komið í skólann. Drykkjarflöskur verða leyfðar í stofum og að sjálfsögðu megið þið nota salerni en að öðru leyti forum við fram á að þið haldið ykkur sem mest á ykkar stað.

Það er okkur mjög mikið gleðief ni að geta tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið fyrir hálfum öðrum mánuði. Við vonum að þið takið þessari nýjustu áætlun líka fagnandi en nú sjáum við fram á að staðkenna næstum því alla þá tíma sem til stóð að kenna í upphafi annar – að viðbættu öllu fjarnáminu sem nú verður bara góður bónus fyrir þá sem það nýttu. Fyrri tilboð um afslátt á næstu haustönn falla niður enda var honum ætlað að vera sárabót fyrir staðnám sem við gerðum ráð fyrir að þið yrðuð af.

Við hlökkum mikið til þess að sjá ykkur aftur. Ef einhver ykkar treysta sér ekki til að mæta af heilsufarsástæðum megið þið gjarnan láta okkur vita af því.

Áslaug Thorlacius

skólameistari / headmaster

Myndlistaskólinn í Reykjavík / Reykjavík School of Visual Arts